Um hljóðdvöl í íslenzku

Eftir Svavar Sigmundsson.

1. Í grein sinni um hljóðdvalarbreytinguna í íslenzku gerði Björn K. Þórólfsson grein fyrir rannsóknum sínum á kveðskap nokkurra skálda á 16. öld, að því er tók til hljóðdvalar.[1] Komst hann að þeirri niðurstöðu, að Jón Arason biskup (d. 1550) væri síðasta skáld, sem kvæði fyllilega eftir fornum reglum.[2] Björn reyndi að gera sér í hugarlund, hvar breytingin hefði komið upp á landinu og hvernig hún hefði dreifzt. Hann áleit, að skáldin Hallur Ögmundarson (15. og 16. öld), Einar Sigurðsson (1538—1626) og Jón Bjarnason (1560—1630) væru fulltrúar millistigs milli hins forna og nýja lögmáls um lengd sérhljóða, en hann skýrði þetta millistig ekki að öðru leyti.[3] Niðurstöðum Björns um tímatal breytingarinnar og útbreiðslu var nokkuð hnikað með grein Stefáns Karlssonar um athugun á rími í Egilsrímum Jóns Guðmundssonar í Rauðseyjum, sem voru ortar 1643.[4] Þar kom upp úr dúrnum, að frávik frá fornum reglum um hljóðdvöl eru ekki miklu meiri hjá Jóni en hjá Einari Sigurðssyni, og sýnir það, að breytingin hefur ekki verið eins hraðfara og álitið hafði verið.[5] Fyrstu dæmi um hið nýja hljóðdvalarlögmál koma fram hjá Halli Ögmundarsyni í Bæ á Rauðasandi um 1500.[6] Við þessar niðurstöður læðist að sá grunur, að breyting á hljóðdvöl geti verið mun eldri en elztu dæmi úr skáldskap sýna, úr því að eldri reglur sýnast enn vera í gildi um það bil á sömu slóðum á landinu nærri hálfri annarri öld síðar.

2. Venja hefur verið að líta á þann mun sérhljóða að fornu, sem er t. d. á /*i*/ og /*í*/ í orðunum *sili* og *síli*, sem mun

á löngu hljóði og stuttu, og höfundur I. málfræðiritgerðarinnar notar hugtökin *langur* og *skammur* við þessa aðgreiningu.[7] Þetta þarf þó ekki að vera svo. Allt eins eðlilegt er að greina hljóðin að eftir því, hvort þau eru þanin (tense) eða slök (lax). Í germönskum málum fer lengd og þan oft saman, en líklegt er, að lengd sé aðeins fylgiþáttur þans.[8] Munur þaninna og slakra hljóða hefur verið skilgreindur þannig: »Phonetically the difference between tense and lax sounds can best be characterized as a difference in the manner in which the articulatory gesture is executed. A tense sound is executed deliberately so that the articulating organs actually attain their various target configurations; in producing a lax sound, on the other hand, the gesture is executed rapidly and with reduced amplitude. Tense vowels are, therefore, distinguished from the corresponding lax vowels by being more intense, of longer duration, and articulated with a greater deviation of the vocal cavity from its neutral (rest) position. These facts have led to the description of lax vowels as being »lazy« variants of the corresponding tense vowels.«[9]

Svokölluð hljóðdvalarbreyting getur því í raun og veru verið fólgin í því, að +þan: ÷þan hætta að vera ráðandi þættir í eðli sérhljóðanna, en þættirnir +lengd: ÷lengd koma í staðinn. Í nútímamáli er ekki munur á hljóðgildi stuttra og langra sérhljóða svo neinu nemi, og er það svipað og er t. d. í frönsku. Aftur á móti er bæði í færeysku og norsku munur á framburði stuttra og langra hljóða, sem rétt væri þá að skilgreina sem muninn +þan: ÷þan.[10]

Í fornu máli var um að ræða 4 tegundir atkvæða:

1) VK
2) VKK
3) $\bar{V}$K
4) $\bar{V}$KK (V=sérhljóð, K=samhljóð).

Snemma kemur fram sú tilhneiging, að þanið sérhljóð verði slakt á undan löngu samhljóði (eða tveim samhljóðum), þ. e. að tegund 4) verði að 2). Þannig heyrir *gott* til *góðr* og *gassi*

til *gás*, og sama verður einnig yfir morfemmörk, t. d. *Þórgils* → *Þorgils*, en aftur á móti *Þórhallur* og *Þórunn*, þar sem aðeins eitt samhljóð (eða K + *h*) fer á eftir stofnsérhljóði.[11]

3. Svo virðist sem nokkur óvissa hafi þegar á 14. öld ríkt um það í íslenzkum handritum, hvort skrifa ætti einritaðan eða tvíritaðan samhljóða milli tveggja sérhljóða, og bendir það til breytingar á afstöðu sérhljóðs og samhljóðs í sama atkvæði. Til að ganga nánar úr skugga um þetta, hefur verið athugaður ritháttur á frumbréfum þeim, sem Stefán Karlsson gaf út á vegum Árnanefndar.[12] Þar eru áberandi mörg dæmi þess, að *t*, *n*, *r* og *k* séu ritaðir tvöfaldir í opinni samstöfu, þ. e. milli tveggja sérhljóða. Elzta dæmið er frá árunum 1295—1313: *brokkarlækr* (f. Brókarlækur), bls. 3. Næstelzta dæmið er frá árinu 1339: *Gotta konungs* (f. Gota konungs), bls. 13. Þessi dæmi eru að vísu stök í tímanum, og má því e. t. v. efast um gildi þeirra. En næstu dæmi koma um 1370. Fram til 1395 eru þau fremur strjál, en fer fjölgandi úr því. Dæmin eru nær öll úr sýslum Norðurlands. Óvíst er um staðsetningu dæmis frá 1399, sem sagt er vera úr Borgarfirði, og annars frá 1449, en annars er ekkert dæmi með vissu utan Norðurlands. Alls munu það vera um 56 bréf, sem hafa dæmi um tvíritaðan samhljóða í stað einfalds. Af þeim má því með vissu telja 54 úr Norðlendingafjórðungi, eða um 96.4%, meðan heildarbréfafjöldinn úr þessum fjórðungi í útgáfunni er 73%. Þetta sýnir, að rithátturinn er mjög bundinn Norðurlandi.

Niðurstaðan af talningu dæma er sem hér er sýnt:[13]

	Slakt sérhljóð:								*Þanið sérhljóð:*								*Tvíhljóð:*			
	a	e	i	o	u	y	ö		á	é	í	ó	ú	ý	æ		ei	ey		
t	1	2	2	2	6	0	0		2	0	0	2	1	1	1		5	0		=25
n	2	0	1	3	0	3	0		2	0	2	0	1	0	1		7	0		=22
r	2	5	0	3	0	0	3		0	0	0	0	0	0	0		0	1		=14
k	2	1	4	0	0	0	0		0	0	0	1	0	0	0		0	2		=10
m	3	1	0	1	0	0	1		0	0	0	0	0	0	0		0	0		= 6
f	0	4	0	0	0	0	0		0	0	0	0	0	0	0		0	0		= 4
l	0	0	2	0	0	0	0		0	0	0	2	0	0	0		0	0		= 4
s	0	1	0	1	0	0	0		0	0	0	0	0	1	0		0	0		= 3
	10	14	9	10	6	3	4	=56	4	0	2	5	2	2	2	=17	12	3	=15	=88

Athyglisvert er, að meiri hluti dæmanna er um tvíritun eftir slakt sérhljóð, eða 56 dæmi af 88. Þá er dæmafjöldi með *ei* mjög hár, meðan engin dæmi eru um tvíritun á eftir *au*. Þá er einnig vert að benda á, að engin dæmi eru á eftir *é*-i.

Hér verða nú nefnd nokkur dæmi um tvíritunina:

t) Elzta dæmi er frá 1339: *Gotta konungs*, bls. 13, bréf nr. 12. Önnur dæmi: *vitta* (f. vita), bls. 48, nr. 41. — *attian* (f. átján), bls. 53, nr. 45. — *vttan* (f. utan), t. d. bls. 53, nr. 45. — *næittaði* (f. neitaði), bls. 69, nr. 59.

n) Elzta dæmi er frá 1374: *-spænnir* (f. -spænir), bls. 53, nr. 45. — *hinno* (f. hinu), bls. 94, nr. 79. — *hanna* (f. hana), bls. 157, nr. 125. — *brynne* (f. brýni), bls. 167, nr. 133. — *einnu* (f. einu), bls. 181, nr. 141.

r) Elzta dæmi er frá 1388: *suarra* (f. svara), bls. 94, nr. 79. — *berra* (f. bera), bls. 138 nm, nr. 110. — *kiorri* (f. kjöri), bls. 157, nr. 125. — *heyrra* (f. heyra), bls. 211, nr. 165.

k) Elzta dæmi er frá 1295—1313: *brokkarlækr*, bls. 3, nr. 3. — *mickinn* (f. mikinn), bls. 121, nr. 99. — *-stickur* (f. -stikur), bls. 124, nr. 101. — *Rekka* (f. reka), bls. 316, nr. 249. — *takka* (f. taka), bls. 408, nr. 334.

m) Elzta dæmi er frá 1417: *sammann* (f. saman), bls. 201, nr. 155. — *nemma* (f. nema), bls. 312, nr. 245. — *savmmv* (f. sömu), bls. 405, nr. 331.

f) Tvíritun á *f* kemur aðeins fyrir í nafninu *steffan* (f. Stefán), fyrst 1401, bls. 145, nr. 114.

l) Tvíritun á *l* er líka aðeins í nöfnum, þ. e. *ollave* (f. Ólafi), bls. 287, nr. 225. — *holla* (f. Hóla), bls. 266, nr. 208.

s) Tvö dæmi eru um tvíritað *s*: *vaz nesse* (f. Vatnsnesi), bls. 139, nr. 111. — *hossvr* (f. hosur), bls. 288, nr. 225.

Rétt er að taka fram, að í vissum tilvikum, þar sem hægt er að benda á ákveðinn skrifara, koma dæmi um tvíritaðan samhljóða fram í fleiri en einu bréfi skrifara. Þannig er um Steinmóð Þorsteinsson, prest á Grenjaðarstöðum og officialis á Hólum, sem talinn er hafa skrifað bréfin nr. 98 og 101. Skrifarinn Illugi Björgólfsson, klausturhaldari á Reynistað, er

talinn hafa skrifað bréfin nr. 203, 225 og 336, sem öll hafa dæmi um tvíritun.[14]

Stundum getur verið varasamt að treysta um of rithætti handrita, þegar fjalla skal um málfræðileg efni, því að skriftartízka af ýmsu tagi getur verið þar að verki. En bágt er að kenna tízkunni einni um þann rithátt, sem hér hafa verið nefnd dæmi um. Ef eingöngu væri um tízku að ræða, væri von á miklu fleiri dæmum, en þau eru ekki ákaflega mörg, miðað við magn textans. Hér hefur þó ekki verið gerður neinn staðtölulegur útreikningur á tíðni dæmanna. Á þessum tímum er algengt að tvírita samhljóða í sams konar stöðu í norskum bréfum, og eru nokkur bréf með þessum einkennum talin norsk í útgáfu Árnanefndar. Eitt skilur þó íslenzk bréf frá norskum textum, en það er tvíritun *f*, t. d. *haffuer*, sem ekki kemur fyrir í íslenzkum bréfum nema í nafninu *Stefán*. En varla er mikið upp úr því eina orði leggjandi.

Í sumum bréfunum, sem hafa dæmi um tvíritaðan samhljóða, koma fyrir aðrir rithættir, sem benda til þess, að óvissa hafi ríkt um það, hvernig tákna ætti áherzlu atkvæðis, hvort heldur ætti að setja merki um þan á sérhljóð (með kommu eða tvíritun) eða lengd á samhljóð (með tvíritun). Skulu nú nefnd nokkur dæmi þess:

Bls. 3, nr. 3: *hroasdál* (f. Hróarsdal), *vár* (f. var), *hóf* (f. Hof).

Bls. 52, nr. 45: *vaannt* (f. vánt).

Bls. 69, nr. 59: *máálum* (f. málum), *mááte* (f. mati), *máátum* (f. mátum).

Bls. 94, nr. 79: *aare sone* (!) (f. Arasyni), *uerr* (f. vér), *uorr* (f. vor).

Bls. 139, nr. 111: *huaar* (f. hvár), *naat* (f. nátt).

Bls. 142—143, nr. 113: *þraat* (f. þrátt), *Maat* (f. mat).

Bls. 181, nr. 141: *setu* (f. settu), *langa dall* (f. Langadal).

Bls. 188, nr. 147: *snori* (f. Snorri), *doter* (f. dóttir).

Bls. 245, nr. 195: *uide dál* (f. Víðidal).

Bls. 282—283, nr. 221: *aara* (f. Ara), *áRa* (f. Ara).

Þegar þessi dæmi eru borin saman við dæmin um tvíritun, sýna þau með þeim, að æði mikil óvissa hefur ríkt um stafsetninguna á vissu tímaskeiði. Þetta ósamræmi virðist fara minnkandi eftir því sem á líður og er ekki að finna í yngstu bréfunum.

Þegar farið er að skrifa í sama bréfi orð eins og dal sem *dál* og hins vegar Brókarlæk sem *brokkarlæk*, annars vegar vánt sem *vaannt* og hins vegar spænir sem *spænnir*, annars vegar mati sem *mááte*, hins vegar neitaði sem *næittaði*, annars vegar Ara sem *aara* og hins vegar svara sem *suarra*, þýðir það, að skrifari gerir ekki lengur skýran mun á þessum þrem tegundum atkvæða: VK, V̄K, og VKK. Tegundin VK, eins og í orðinu *mára*, er þá þannig, að hið þanda sérhljóð er að breytast í tvíhljóð. Eftir það (eða um líkt leyti) er slaka sérhljóðið í atkvæðategundinni VK, t. d. í *mara*, að verða langt, vegna þess að samhljóðið á eftir er stutt. Skrifarinn heyrir umhverfis sig, að þess konar atkvæði er orðið áherzlumikið atkvæði, en hann getur ekki gert sér grein fyrir því, hvar áherzlan er, hvort heldur hún er á sérhljóði eða samhljóði. Í fornu máli bar þessi tegund atkvæðis litla áherzlu (sérhljóðið var slakt og samhljóðið stutt). Skrifarinn veit ekki, hvort hann á að tákna þessa áherzlu eins og gert var t. d. í orðinu *mára* eða eins og í orðinu *marra*. Þess vegna koma þessir rithættir upp á vissu skeiði, meðan samræmi er að komast á.

Nokkur dæmi eru í nútímamáli um tvímyndir orða, þar sem annars vegar er stutt samhljóð, en hins vegar langt, og bendir það til þess óráðna ástands, sem ríkt hefur, meðan umrædd breyting var að komast á. Þannig eru til myndirnar: skopa: skoppa, kuti: kutti, puti: putti, snatast: snatta, kósi: kóssi, púsa: pússa, ramur: rammur. Flestar eru þó myndirnar með r:rr, t. d. fleiri: fleirri, kara: karra, kura: kurra, lara: larra, orusta: orrusta. Þessar myndir hafa lifað hlið við hlið í málinu.

4. Tvíhljóðun þaninna sérhljóða hlýtur að hafa hafizt þegar á 13. öld, þ. e. tvíhljóðun *é*, sem fyrst hefur fengið *í*-skrið (glide), eins og kemur fram í handritum frá síðara

hluta 13. aldar.[15] Í elztu rímum er einnig rím af því tagi, sem sýnir, að é → eí. Merki þessarar breytingar koma fram í orðinu *kaleikur* (← kalékr) og í orðum eins og *lengi* (frb. leíngi), þar sem *e* hefur fyrst þanizt á undan *ng*. Síðar hverfur þessi regla, og reglan um *é* → ie kemur í staðinn. Farið er að ríma skv. því á síðara hluta 14. aldar. Um 1400 verður *æ* að tvíhljóðinu *aí*, — fær líka *í*-skrið. Þau þanin sérhljóð, sem eftir eru, *á* og *ó*, fá hins vegar *ú*-skrið, sem bendir til, að *á* hafi verið aftara hljóð. Þessi nýju tvíhljóð af *á* og *ó* koma ekki fram í skrift fyrr en á 15. og 16. öld.[16] En trúlega hefur tvíhljóðunin gerzt alllöngu fyrr en hún kemur fram í rithætti. Samtímis tvíhljóðun (eða nokkru síðar) hefur komið til reglan um, að slakt sérhljóð verði langt á undan stuttu samhljóði. Regluna um tvíhljóðun má skrifa þannig:

$$O \rightarrow \begin{cases} \text{í} / V \left[\begin{array}{l} + \text{fram} \\ + \text{þanið} \end{array} \right] \text{____} \\ \text{ú} / V \left[\begin{array}{l} \div \text{fram} \\ + \text{þanið} \end{array} \right] \text{____} \end{cases}$$

Og reglan um lengingu slaks sérhljóðs á undan stuttu (einu) samhljóði verður þannig:

$$V\,[+\text{slakt}] \rightarrow V\,[+\text{langt}]\ /\ \text{____}\ K_1$$

(V = sérhljóð, K = samhljóð, / = í umhverfinu,
____ = »á undan« eða »á eftir«,
{ þýðir, að hægt er að velja um fleiri en einn kost innan merkisins,
[ ] fela í sér aðgreinandi þætti viðkomandi hljóðs.)

5. Breyting á rithætti á sérhljóðum í áherzluleysi í íslenzkum handritum á 13. öld skýrist e. t. v. betur, ef gert er ráð fyrir muninum + þan: ÷ þan. Kerfi þeirra í nútímamáli er þannig:

/I/ /U/
a

og hefur það verið svo í fornu máli líka. Í elztu handritum er ætíð skrifað *e* og *o*, í stað *i* og *u* nú, þó að framburður

hafi líklega verið sem nú. Í I. málfræðiritgerðinni eru borin saman sem minnstu pör orðin *framer*: *frá mér* og *hǫddo*: *hǫ́ dó*. Líklegt er, að hin slöku hljóð í áherzluleysi hafi frá upphafi ritunar verið skynjuð þannig, að þau samsvöruðu *é* og *ó*, og því hafi fyrrgreindur ritháttur verið valinn. Þegar *é* → *eí* á 13. öld, hefur þetta samræmi brenglazt. Ekki var hægt lengur að líkja hinu slaka /I/ í áherzluleysi við *é*, og stóð þá slakt *i* í áherzlu því næst. Þá er farið að rita *i* í stað *e* áður. Líklegt er, að breytingin á rithættinum *o* → *u* sé upp komin til samræmis, fremur en að þanið *o*: *ó*, sé farið að tvíhljóðast þegar á síðara hluta 13. aldar, þegar slíkur ritháttur fer að koma fram. Með þessu móti þarf ekki að gera ráð fyrir sérstakri lækkun í kerfinu.[17] Rithátturinn byggist á mun á þani sérhljóðanna, sem þau höfðu frá fornu fari.

6. Erlend nöfn virðast hafa haft sérstöðu, er varðaði þróun þaninna hljóða til tvíhljóða. Í kveðskap er oft farið með fyrsta atkvæði nafna eins og *Adam* og *Eva* sem það hefði ris, skrifað Ádam og Éva. Líklegt er, að sérhljóðið í framstöðunni hafi verið langt, en haft þan e. t. v. aðeins sem fylgiþátt. Þess vegna hafa nöfnin ekki tekið sömu þróun og önnur orð í tungunni, því að tvíhljóðun hefur ekki átt sér stað í þeim. Í Lilju, sem er talin ort um 1343,[18] kemur nafnið Eva fyrir í hendingum á móti orðum með þanið sérhljóð (tvíhljóð?), t. d. *prófvandi*: *Évu* (16), *Svó fór*: *Éva* (16), *Þú fyrdæmdir*: *Évu* (66). Þá er orðið *áve* í hendingum við *víf* (28) og *técum* við *léki* (99).[19] Þegar þöndu hljóðin eru öll orðin tvíhljóð, eru sérhljóðin í þessum erlendu nöfnum (og biblíuorðum) helzt sambærileg við hin »nýju«, löngu sérhljóð, eins og t. d. í *mara*.

Rím af þessu tagi í Lilju útilokar ekki, að tvíhljóðun hafi verið byrjuð, þegar kvæðið var ort, en hins vegar hefur reglan um lengingu slaks sérhljóðs ekki verið komin til, nema þá að mjög litlu leyti. En um 1370 má ætla, að hún sé farin að segja til sín, a. m. k. norðanlands, skv. vitnisburði fornbréfanna. Ástæðan til, að ekki er farið að nota í rími orð, þar sem sú regla hefur komið inn, fyrr en um 1500, getur verið

sú, að reglan gilti ekki í skáldamáli manna, heldur aðeins daglegri ræðu.

7. Af því sem hér hefur verið sagt, má vera ljóst, að þær tvær aðalreglur, sem leiða til hljóðdvalarbreytingarinnar, koma til þegar á 14. öld. Þess vegna hlýtur hún að gerast, áður en afkringing *y* og *ý*, svonefndur »jótasismi«, kemur til sögunnar. Talið hefur verið, að sú breyting verði um 1500, en ýmislegt bendir þó til, að kringingin hafi haldizt lengur. Það kemur fram hjá Gissuri Sveinssyni í Kvæðabók hans, að hann heldur fornri greiningu á /*i*/ og /*y*/ »svo glöggri að hann villist ekki nema stöku sinnum.«[20] En Gissur var fæddur árið 1604. Þetta bendir fremur til þess, að afkringingin sé yngri en breytingin á hljóðdvöl.

Á vissum stöðum á landinu hefur þó orðið afkringing *ey* þegar á fyrru hluta 14. aldar. Í bréfi frá 1332 er til rithátturinn *eiulfr* f. Eyjúlfur, og bæjarnafnið Eyhildarholt er skrifað *Eigilldar holltz* 1340 og *egillðarhollz* 1341.[21] Breytingin er því að gerast samhliða tvíhljóðun, ef ekki fyrr.

Eftir tvíhljóðunina lítur því sérhljóðakerfið þannig út:

i	y	u	í	ý	ú
e	ö	o	eí	öý	oú
	a		aí		aú

Við afkringinguna breytist kerfið í þetta horf:

i	ü		í		ú
e	ö	o	eí	öí	oú
	a		aí		aú

Þess vegna er hæpið, að niðurstaða Trygve Skomedal um röð kerfanna VI og VII í grein hans um íslenzka sérhljóðakerfið sé rétt, þar sem hann gerir ráð fyrir, að hljóðdvöl breytist eftir afkringinguna.[22]

8. Í norsku hafa orðið tvenns konar breytingar í sambandi við hljóðdvöl; ýmist hefur sérhljóð eða samhljóð orðið langt. Rithátturinn í norskum handritum sýnir það einnig. Þar er tvíritaður samhljóði í orðum eins og *Ness*, *gerra*, *komma*,

barrun og *uttan*. Í nýnorsku hefur sérhljóðið oftast lengzt eins og í íslenzku, t. d. í *fare*, *leve* og *fat*. Í flestum austurnorskum mállýzkum og mörgum vesturnorskum lengist *m*. Auk þess lengist *p*, *t*, *k* og *s*, og að nokkru leyti *r* í einsatkvæðisorðum. Í Björgvinjarmáli hefur samhljóð oft lengzt líka í tvíkvæðum orðum eins og *dråppe* og *jørre* (gjøre), og er það sambærileg regla við dæmin úr íslenzku fornbréfunum (þó að *p* komi þar að vísu ekki fyrir, sem getur stafað af takmörkuðu dæmasafni, og af því að *p* er yfirleitt fágætt). Vesturnorska hefur annars lengt sérhljóðið eins og gerist í íslenzku, t. d. *låk*, *vēt*, *vēta*.[23]

Í sænsku hafa einnig orðið breytingar af sama tagi. Í Sveamálum hefur lenging komið á samhljóðin *p*, *t*, *k* og *s*, þar sem aftur hefur orðið sérhljóðslenging í Göta-málum.[24]

Í dönsku hefur lengdarauki komið á *m*, en ekki á sérhljóðið á undan, eins og þar er oftast, og er sá ritháttur orðinn allalgengur í handritum þegar um 1300.[25]

Í færeysku gilda mjög líkar reglur og í íslenzku um hljóðdvölina, þar sem samhljóð ákveður, hvort sérhljóðið á undan er borið fram langt eða stutt.[26]

Af þessu má sjá, að þróunin í skyldum málum sýnir, að ekki var útilokað, að í íslenzku kæmi lengdarauki á samhljóð, og til þess sýnist hafa verið tilhneiging á vissu skeiði, þó að sú regla yrði ofan á, sem enn er í gildi í íslenzku og einnig varð ráðandi í færeysku og flestum vesturnorskum mállýzkum.

9. Sú niðurstaða, að breyting á hljóðdvöl hefjist þegar á 14. öld, styrkist við fyrri athuganir manna á lengdartáknun sérhljóða í handritum. V. Dahlerup, sem rannsakaði Ágrip, og L. Wimmer, sem kannaði Konungsbók Eddukvæða, töldu báðir, að breytingin hefði orðið þegar á 13. öld. Hægstad hélt því einnig fram, að möguleiki væri fyrir, að hljóðdvalarbreytingin hefði, a. m. k. í einhverjum hlutum landsins, hafizt »redan under förra hälften av det 13 århundradet.«[27] Þá áleit Gustav Lindblad einnig, að tilhneiging til breytingar hefði orðið miklu fyrr en Björn K. Þórólfsson áleit, en þó

ekki fyrr en eftir 1250.[28] Engin ástæða er til að ætla, að breytingin gerist miklu síðar í íslenzku en í öðrum Norðurlandamálum, þar sem hún er talin gerast á 13., 14., og 15. öld.[29] Um tímasetningu í færeysku er torvelt að segja vegna skorts á heimildum, en hún hefur a. m. k. verið byrjuð þar á 16. öld,[30] þó að ekki mæli neitt í móti því, að hún geti verið eldri.

TILVITNANIR

Við samningu þessarar greinar hef ég notið aðstoðar Jóns Gunnarssonar, mag art í Ósló, sem veitti mér ýmsar góðar ábendingar um efnið.

1. Björn K. Þórólfsson: *Kvantitetsomvæltningen i islandsk.* ANF 45, bls. 35—81.
2. Sama rit, bls. 51.
3. Sama rit, bls. 77—78.
4. Stefán Karlsson: *Gömul hljóðdvöl í ungum rímum.* Íslenzk tunga — Lingua Islandica 5 (1964), bls. 7 o. áfr.
5. Sama rit, bls. 23.
6. Sama rit, bls. 9—10.
7. Sjá *Corpus codicorum Islandicorum medii aevi* II. (København 1931), bls. 85.
8. Sbr. og Arne Vanvik: »At vi ikke bare regner med tidslengde ved skillet mellom langt og kort vokalfonem, er kanskje særlig tydelig i engelsk. Den såkalte lange vokal i *peat* /pi:t/ kan godt være av kortere varighet enn den såkalte korte vokal i *bid* /bid/.« *Kort innføring i fonetikk.* (Oslo 1965), bls. 23—24. Sbr. einnig Roman Jakobson og Morris Halle: »Thus despite a close interrelation and manifold convertibility between the inherent feature tense/lax and the prosodic feature long/short, these features belong to two substantially different kinds of distinctive features.« *Tenseness and Laxness,* viðauki við Roman Jakobson, C. Gunnar M. Fant og Morris Halle: Preliminaries to Speech Analysis. The Distinctive Features and their Correlates. (Ninth Printing, October 1969), bls. 59.
9. Noam Chomsky og Morris Halle: *The Sound Pattern of English.* (1968), bls. 68—69.
10. Sbr. Martin Kloster Jensen: *Språklydlære.* (2. reviderte utgave, Oslo 1969), bls. 60—61. Sjá einnig W. B. Lockwood: *An Introduction to modern Faroese.* (København 1964), bls. 9.
11. Sbr. Ragnvald Iversen: *Norrøn grammatik* (Oslo 1961), bls. 42.
12. *Islandske originaldiplomer indtil 1450.* Tekst. Udgivet af Stefán Karlsson. Editiones Arnamagnæanæ. Series A, vol. 7. (København 1963.)

13. Reynt hefur verið að telja dæmin af nákvæmni, en skekkjur í talningu ættu tæplega að breyta meginniðurstöðum að neinu marki.
14. Sbr. Islandske originaldiplomer, bls. LII—LIII og XLI.
15. Sbr. Björn K. Þórólfsson: *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr fornmálinu.* (Reykjavík 1925), bls. XI og XIV—XV.
16. Sama rit, bls. XVIII og XI.
17. Sbr. Hreinn Benediktsson: *The Unstressed and the Non-Syllabic Vowels of Old Icelandic.* ANF 77, bls. 15—16.
18. Sbr. Stefán Einarsson: *Íslensk bókmenntasaga 874—1960.* (Reykjavík 1961), bls. 87.
19. *Carmina Scaldica.* Udvalg af norske og islandske skjaldekvad ved Finnur Jónsson. Anden gennemsete udgave. (København 1929), bls. 92 o. áfr.
20. *Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar, AM 147, 8vo.* Íslenzk rit síðari alda, 2. fl., 2. bindi. Hið íslenzka fræðafélag. (Kmh. 1960) B Inngangur eftir Jón Helgason, bls. 22.
21. Sjá Björn K. Þórólfsson: Um ísl. orðmyndir, bls. XX—XXI; einnig Islandske originaldiplomer, bls. 11, nr. 10, bls. 15, nr. 14, og bls. 17, nr. 15.
22. Sbr. Trygve Skomedal: *Einiges über die Geschichte des isländischen Vokalsystems.* Tilegnet Carl Hj. Borgstrøm. Et festskrift på 60-årsdagen 12.10. 1969 fra hans elever. (Oslo 1969), bls. 138—140.
23. Sbr. Didrik Arup Seip: *Norsk språkhistorie til omkring 1370.* 2. utgave. (Oslo 1955), bls. 115. Sjá einnig Gustav Indrebø: *Norsk målsoga.* (Bergen 1951), bls. 221.
24. Sbr. Elias Wessén: *Svensk språkhistoria I.* (Sth./Lund 1958), bls. 80.
25. Sjá Peter Skautrup: *Det danske sprogs historie I.* (København 1944), bls. 237.
26. Sbr. Jørgen Rischel: *Om retskrivningen og udtalen i moderne færøsk* í *Føroysk-donsk orðabók* eftir M. A. Jacobsen og Chr. Matras. (Tórshavn 1961), bls. XVI—XVII.
27. Sbr. Gustaf Lindblad: *Det isländska accenttecknet. En historisk-ortografisk studie.* (Lundastudier i nordisk språkvetenskap 8.) (Lund 1952), bls. 184, og rit, sem þar er vitnað til.
28. Sama rit, bls. 185.
29. Sbr. Vemund Skard: *Norsk språkhistorie til 1523. Bind I.* (Oslo 1967), bls. 87; Elias Wessén, áðurnefnt rit, bls. 80. Sjá og Peter Skautrup, áðurnefnt rit, bls. 237.
30. Sbr. Christian Matras: *Nøkur orð um rím og aldur.* Afmælisrit Jóns Helgasonar 30. júní 1969. (Reykjavík 1969), bls. 420.

SUMMARY

Previously it was believed that Jón Arason (died 1550) was the last Icelandic poet to observe the old rules of quantity, but Stefán Karlsson has pointed out that as late as 1643 poetry was being written in the old manner.

The difference in length between *í* and *i*, for example, was secondary, the main difference being that *í* was tense, whereas *i* was lax. The first stage in this development was that + tense: ÷ tense lost its significance, and + length: ÷ length became the deciding factor both for the old lax vowels and all diphthongs. In modern Icelandic there is no phonetic difference between long and short vowels, whereas such a difference does exist in modern Faroese.

In Icelandic diplomas from ca. 1300—1450 there are many examples of doubled intervocalic consonants, mostly following a lax vowel (for example *sammann*), and following diphthongs, most often *ei* (*næittaði*); the same phenomenon is present in Norwegian diplomas from the same time, although in the Icelandic *ff* appears only sproradically for *f* (*Steffán*), whereas the Norwegian has many examples of this. In the oldest of these diplomas there are also many examples of uncertainty as to whether the tensity of a vowel should be indicated by doubling it or by adding a diacritical mark over it, and in the case of the length of a consonant, whether to double it: *máálum, naat, setu, snori, aara* instead of *málum, nátt, settu, Snorri, Ara.* Examples of this uncertainty also occur in modern Icelandic (*orusta : orrusta*).

Diphthongization of *é* began already in the 13th century, that of *æ* around 1400, whereas diphthongization of *á* and *ó* is not observed in writing before the 15th and 16th centuries. At the same time, or perhaps somewhat later, lax vowels became long before short consonants.

The unstressed vowels *i* and *u* were first written *e* and *o*, since they corresponded to *é* and *ó*. When *é* became a diphthong, *i* was written when unstressed, and by analogy, *u*.

Somewhat different was the development of foreign loanwords: *Ádam* and *Éva*.

Delabialization of *y* and *ý* is more recent, beginning around or after 1500, but examples of a difference between *y* and *i* are still to be found in the ballad book of Gissur Sveinsson (born 1604). Delabialization of *y* in the diphthong *ey*, however, began already in the first half of the 14th century.

The corresponding development in the other Scandinavian languages is also mentioned.